



Kennsluáætlun – Skólaárið 2019 - 2020

Námsgrein: *Íslenska*

Bekkur: 1. bekkur

Kennari: Anna Margrét Ólafsdóttir

Námsefni:

- Ýmsar bækur sem henta í byrjendalæsi
- Markviss málörvun
- Það er leikur að læra, vinnubækur 1 og 2
- Ýmis ljósrituð verkefni
- Verkefna- og úrklippubókin
- Stóra sögubókin mín
- Við lesum 1
- Ýmsir móðurmálsleikir
- Lestrarbækur í heimalestri

Helstu bækur og námsgögn:

- **Leggðu við hlustir** og **Markviss málörvun** eru mikið notaðar til að byrja með. Efni bókanna miðar að því að þjálfa hljóðkerfisvitund barnanna.
- **Það er leikur að læra**, vinnubækur. Tekinn er fyrir einn stafur á hverri opnu, stafurinn skrifaður og unnin hljóðgreiningarverkefni og ýmsar þrautir.
- **Lestrarlandið**, sögubók. Notuð til upplestrar fyrir nemendur. Markmiðið er að leggja áherslu á ákveðinn bókstaf í hverri sögu.
- **Ýmis ljósrituð verkefni**
- Verkefna- og úrklippubók, notuð fyrir alls kyns verkefni í tengslum við Byrjendalæsi.
- Ritun. **Sögubókin mín** notuð til að rita texta sem börnin semja sjálf.
- **Það er leikur að læra** er notuð sem hliðarbók í íslensku. Í bókinni er farið í undirstöðu- og viðbótaræfingar við stafakennsluna.
- Gæðabarnabækur eftir mismunandi höfunda.
- Ýmsir móðurmálsleikir. Notaðir til að ýta undir skilning og áhuga barnanna og veitir þeim tækifæri til náms og þroska með leik og léttum æfingum.
- **Léttlestrarbækur**. Bækur með léttum texta, notaðar fyrir heimalestur.

Helstu kennsluaðferðir:

Byrjendalæsi: Sú kennsluaðferð sem lögð er til grundvallar í lestrarkennslu nefnist Byrjendalæsi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi sem hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri í samvinnu við skóla á Norðurlandi undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Viðhorf til náms og kennslu í Byrjendalæsi eru í anda hugssmíðahyggju sem gengur út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna. Góðar barnabækur er sá efniviður sem unnið er með í námi og kennslu, jafnt í tæknilegri vinnu með stafi og hljóð sem og vinnu með orðaforða og skilning. Ýmist er unnið með fjölbreytt námsgögn, spil, ljósrituð verkefni, sögubók eða verkefna- og úrklippubækur.

Unnið er með ákveðinn gæðatexta í hverri viku, kennari les fyrir nemendur, unnið með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Mikið unnið í hringekju, paravinnu og á vinnusvæðum.

Grunnstoðir Byrjendalæsis:

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
- Merkingarbær viðfangsefni
- Námi er félagslegt ferli - samvinna
- Unnið út frá gæðatexta – alvöru bækur, alvöru texti
- Einstaklingsmiðun í kennslu
- Námi án aðgreiningar
- Samvinna nemenda í námi

Samþætting námsgeina: Mikil samþætting við samfélagsfræði og stærðfræði

Námsmat: Læsispróf eru lögð fyrir í október, febrúar og maí. Umsögn í lok skólaárs. Lesferill er lagður fyrir í september, janúar og maí.